

Nd.

764. Nefndarálit

[271. mál]

um frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum. Til viðtals við hana komu þeir menn er sátu í nefndinni sem samdi frumvarpið, Birgir Ísl. Gunnarsson, sem var formaður þeirrar nefndar, Björn L. Halldórsson lögfræðingur, Björn Friðfinnsson lögfræðingur, Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri, Jón Bøðvarsson, fyrrv. skólameistari, og Jón R. Hjálmarsson fræðslustjóri.

Auk þess komu til fundar við nefndina fulltrúar Félags framhaldsskóla og skólameistararnir Ingvar Ásmundsson, Guðni Guðmundsson, Örnólfur Thorlacius, Björn Teitsson, Kristín Arnalds og Jóhann Sigurjónsson. Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, sat nokkra fundi nefndarinnar.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi, 6. apríl 1988.

Guðmundur G. Þórarinnsson,
form., frsm.

Sverrir Hermannsson.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.